


Samband íslenskra sveitarfélaga

ÁRSSKÝRSLA

2017



Samband íslenskra sveitarfélaga

ÁRSSKÝRSLA

2017

Ársskýrsla 2017

© Samband íslenskra sveitarfélaga 2018/5

Borgartúni 30

Pósthólf 8100

128 Reykjavík

Ritstjóri: Helga Guðrún Jónasdóttir

Ábyrgðarmaður: Valur Rafn Halldórsson

Umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir

Ljósmyndir: Valur Rafn Halldórsson og Ingibjörg Hinriksdóttir

Forsíðumynd: Foríðumyndin er frá Kerlingardal í Mýrdal.

Myndina tók Valur Rafn Halldórsson

Prentun: Umslag

Ávarp formanns



Ágæti lesandi.

Það er í raun ótrúlegt hvað starfsfólk Sambands íslenskra sveitarfélaga nær að afkasta í flókinni og umfangsmikilli þjónustu við sveitarfélögin í landinu. Þessi ársskýrsla er liður í mikilli og vandaðri upplýsingagjöf starfsfólks og stjórnar sambandsins til sveitarstjórnarmanna um allt land. Skýrslan er einnig lesin af samstarfsaðilum okkar í ráðuneytum og stofnunum og fáum við oft jákvæð

viðbrögð frá þeim aðilum varðandi markvissa stefnumótun og vinnubrögð.

Stefnumótunarvinna á landsþingum sambandsins með þátttöku sveitarstjórnarmanna frá öllum sveitarfélögum landsins er leiðarljósið sem gerir stjórn, formanni, framkvæmdastjóra og starfsfólki kleift að vinna svo markvisst sem raun ber vitni.

Í haust verða lagðar meginlínur í stefnumótuninni til næstu fjögurra ára á þriggja daga landsþingi á Akureyri. Á landsþingum þar á eftir er stefnan nánar útfærð og stjórn sambandsins samþykkir síðan nánari aðgerðaáætlun sem stjórn og starfsmenn sambandsins vinna eftir.

Stjórn sambandsins vinnur og samþykkir stefnumótun í einstökum málaflokkum sem byggir á þeirri stefnu sem landsþing samþykkir á hverjum tíma. Ársskýrslan færir okkur svo upplýsingar um hvernig hefur gengið að framfylgja stefnunni.

Landsþingið í haust verður mitt síðasta landsþing sem formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga eftir 12 ár eða þrjú kjörtímabil. Ég er þakklátur sveitarstjórnarfólki um land allt sem hefur treyst mér til þess að sinna þessu mikilvæga verkefni.

Ég færi ykkur þakki fyrir samstarfið á liðnu ári og þakka starfsfólki sambandsins sérstaklega fyrir öflugt og faglegt starf.

Halldór Halldórsson formaður

Inngangur



Starfsemi sambandsins var að venju afar fjölbreytt á árinu og náði til ótal þátta er lúta að starfsemi sveitarfélaga. Sambandið sinnir hagsmunagæslu fyrir sveitarfélögin gagnvart ríkisvaldinu, og öðrum innlendum jafnt sem erlendum aðilum. Landsþing sambandsins ákveður hver stefna sveitarfélaganna, og þar með sambandsins, er í megindráttum og hefur núgildandi stefnumörkun þess fyrir árin 2014-2018 verið það leiðarljós

sem mótar og ræður ferðinni í störfum sambandsins. Einnig byggir sú þjónusta sem sambandið veitir sveitarfélögum á þessari stefnumörkun, auk þeirra skilgreininga sem fram koma um hlutverk sambandsins í samþykktum þess.

Á grundvelli stefnumörkunarinnar eru gerðar starfsáætlanir sem lýsa þeim áherslum sem stjórn og starfsmenn sambandsins halda á lofti á hverju starfsári og ávallt hefur góður árangur eða áfangasigrar náðst, eins og lesa má nánar um í ársskýrslum sambandsins. Á landsþingi sambandsins árið 2017 var ákveðið að yfirfara einstaka stefnuþætti. Var það gert til að undirbúa vinnu við mótun nýrrar stefnumörkunar á landsþinginu sem haldið verður í september 2018. Sú stefnumörkun mun, með sama hætti og þær sem eldri eru, nýttast stjórn og starfsmönnum sambandsins sem afgerandi leiðsögn í störfum þeirra á því kjörtímabili sem nú fer í hönd, ásamt þeim fulltrúum sem tilnefndir eru á vegum sambandsins í nefndir, ráð og stjórnir.

Starfsmenn sambandsins eru áhugasamir og sýna ríka þjónustulund í vinnu sinni fyrir sveitarfélögin. Það er einnig ásetningur og metnaður sambandsins að starfsmenn þess sýni framsækni og tileinki sér lausnarmiðaða hugsun í samskiptum. Slíkt á að koma fram í allri vinnu að þeim fjölda viðfangsefna sem tekin eru til þróunar og umsýslu á ári hverju.

Í þessari ársskýrslu er leitast við að draga upp mynd af þessum viðfangsefnum, en hún sýnir þó ekki nema brot af heildarverkinu. Mikilvægast er að sveitarstjórnarmenn upplifi í reynd að sambandið vinni vel í þágu þeirra og sveitarfélaganna auk þess sem ríkisvaldið og aðrir þeir sem samskipti hafa við sambandið geti treyst því að hlutlægni, réttsýni og fagmennska ráði ferðinni.

Að venju hefur sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs haft umsjón með gerð ársskýrslunnar, en samskiptastjóri sambandsins hefur annast ritstjórn. Ég kann þeim, og öðrum þeim starfsmönnum sem komið hafa að verkinu, bestu þakkir fyrir vel unnin störf. Fyrir hönd starfsmanna sambandsins þakka ég öllum stjórnendum og starfsmönnum sveitarfélaga fyrir ánægjuleg samskipti á árinu 2017 og vona að ársskýrsla þessi birti upplýsingar og áhugavert efni um starfsemina sem lesendur hennar kunna að meta.

Karl Björnsson framkvæmdastjóri

Helstu verkefni ársins 2017

LANDSPING

XXXI. landsþing sambandsins var haldið í Reykjavík í mars og voru meginmæðuefni landsþingsins efling sveitarstjórnarstigsins og stefnumörkun sambandsins 2014-2018

Formaður sambandsins, Halldór Halldórsson, rakti í setningarræðu sinni helstu verkefni sem sveitarstjórnarstigið stóð frammi fyrir á þeim tíma sem landsþingið var haldið. Hann ræddi m.a. um fjármál sveitarfélaga og ný lög um opinber fjármál og samkomulag ríkis og sveitarfélaga um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2018-2022 og sagði: „Forsendur og markmið samkomulagsins eru að ríki og sveitarfélög stuðli að góðri hagstjórn og styrkri og ábyrgri stjórn opinberra fjármála.“

Formaðurinn vék einnig í ræðu sinni að endurskoðun fjármálakafla sveitarstjórnarlaga, lífeyrismálum, ramma-samningi um starfsemi hjúkrunarheimila, húsnæðismálum og kjaramálum. Þá vék hann að Grábók sambandsins, sem er yfirlit um grá svæði í velferðarþjónustu ríkis og sveitarfélaga, og sagðist binda vonir við að innan tíðar hæfist markviss vinna við að fækka þessum gráu svæðum.

Karl Björnsson, framkvæmdastjóri sambandsins fór yfir árangursmat stefnumótunar sambandsins, en auk hans fluttu erindi á landsþinginu:

- Áslaug María Friðriksdóttir, borgarfulltrúi, sem fór yfir tillögur starfshóps um breytingar á samþykktum sambandsins
- Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, fyrrverandi sveitarstjóri á Tálknafirði, og Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði, sem fóru yfir vinnu verkefnisstjórnar sem hafði það hlutverk að greina sveitarstjórnarstigið og skilgreina tækifæri og leiðir til að styrkja það og

- Jón Gunnarsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, sem fór m.a. yfir uppbyggingu innviða, leiðir til að fjármagna samgönguframkvæmdir og sameiningar sveitarfélaga.

Réttkjörnir fulltrúar með atkvæðisrétt á þinginu voru 104 frá 66 sveitarfélögum. Þá sátu þingið 3 stjórnarmenn í sambandinu með málfrelsi og tillögurétt og aðrir fulltrúar með málfrelsi og tillögurétt voru samtals 53. Alls voru því mættir til landsþingsins 160 fulltrúar. Að auki sátu þingið 7 gestir og 23 starfsmenn sambandsins og Lánasjóðs sveitarfélaga. Enginn fulltrúi var frá 8 sveitarfélögum. Seturétt á landsþinginu eiga 151 fulltrúi með atkvæðisrétt frá 74 sveitarfélögum.

STJÓRN SAMBANDSINS

Stjórn sambandsins kom saman til 10 funda á árinu 2017, auk eins fundar með formönnum og framkvæmdastjórum landshlutasamtaka sveitarfélaga, sem haldinn er árlega í tengslum við fjármálaráðstefnu sveitarfélaga. Rúmlega 260 dagskrárliðir voru til umfjöllunar á fundum stjórnarinnar árið 2017, margir hverjir til umfjöllunar á fleirum en einum fundi. Stjórnin hélt árlegan fund sinn á landsbyggðinni í byrjun september á Austurlandi. Í tengslum við þann fund hittu stjórnin fulltrúa sveitarstjórmanna í Fjarðabyggð, Seyðisfjarðarkaupstað og Fljótsdalshéraði.

STYRKIR TIL MEISTARANEMA

Í tilefni af 70 ára afmæli sambandsins árið 2015 var samþykkt að veita allt að þremur meistaranemum styrki vegna meistaranemum þeirra sem fjalla um málefni sveitarfélaga og hafa skírskotun til markmiða og aðgerða í stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2014–2018. Á árinu 2017 voru veittir þrjú styrkir. Meistaraneimar í öllum háskólum landsins fengu upplýsingar um styrkina sendar í tölvupósti. Framkvæmdastjóri sambandsins, sviðsstjóri lögfræði- og



Samíð var við þrjú meistaranema um ritgerðarsmið á árinu 2017; Dagnýju Kristinsdóttur, Önnu Sigurjónsdóttur og Ólafía Erlu Svansdóttur. Hér undirrita þær og Karl Björnsson framkvæmdastjóri samninginn en Anna Guðrún Björnsdóttir og Guðjón Bragason standa hjá.

velferðarsviðs og sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs röðuðu umsóknum í forgangsröð líkt og verklagsreglur vegna úthlutunarinnar kveða á um og var sú forgangsröðun lögð fyrir stjórn sambandsins til samþykktar. Þeir nemar sem hlutu styrki á árinu voru:

- Dagný Kristinsdóttir með ritgerð sem nefnist: *Með hvaða hætti styðja sveitarfélögin við starfsþróun kennara, stjórnenda og annarra starfsmanna leik- og grunnskóla.*
- Anna Sigurjónsdóttir með ritgerð sem nefnist: *Hafa börn rödd og áhrif í samfélaginu? Rannsókn á ungmennaráðum höfuðborgarsvæðisins með hliðsjón af 12. grein barnasáttmálans um rétt barna til á láta skoðanir sínar í ljós og hafa áhrif.*
- Ólafía Erla Svansdóttir með ritgerð sem nefnist: *Stefnumótun og innleiðing loftslagsstefnu hjá sveitarfélögum.*

SAMRÁÐSNEFND UM OPINBER FJÁRMÁL

Í samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um afkomu og efnahag sveitarfélaga 2018-2022 var kveðið á um að endurskoða skuli hlutverk samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál og efla nefndina jafnframt. Í nýju erindisbréfi, dags. 16. október 2017, var nafni nefndarinnar breytt í *Samráðsnefnd um opinber fjármál* og þannig sett meiri áhersla á opinber fjármál en áður var.

Samráðsnefndin hefur fyrst og fremst komið að undirbúningi þingsályktunartillagna um fjármálastefnu og fjármálaáætlun. Á könnu nefndarinnar hefur einnig verið að annast ýmis verkefni sem um var samið milli ríkis og sveitarfélaga í fyrrgreindu samkomulagi. Mikilvægasta verkefnið er athugun á því hvort rekstur sveitarfélaga geti talist sjálfbær. Ráðgjafafyrirtækinu Analyticu var falið að vinna verkið í samráði við nefndina og verða niðurstöður kynntar á fyrri hluta árs 2018.

JÓNSMESSUNEFND

Samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga, *Jónsmessunefnd*, hélt 13 fundi á árinu 2017. Nefndin starfar á grundvelli 128. gr. sveitarstjórnarlaga frá 2011. Í nefndinni eiga sæti formaður og framkvæmdastjóri sambandsins, borgarstjóri, ráðuneytisstjóri fjármála- og efnahagsráðuneytisins, ráðuneytisstjóri og skrifstofustjóri skrifstofu sveitarstjórnarmála í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti. Fjöldi annarra stjórnenda og sérfræðinga sambandsins og ráðuneytanna sitja einnig fundi nefndarinnar í tengslum og í samræmi við umfjöllunarefni hennar hverju sinni. Framkvæmdastjóri sambandsins ber ábyrgð á umsýslu og framkvæmdastjórn fyrir nefndina og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins annast fundarritun.

Nefndinni er ætlað að leiða til lykta ýmis samskipta- og framkvæmdamál milli ríkis og sveitarfélaga sem ekki eru leyst á öðrum vettvangi. Á árinu 2017 var undirbúningur og yfirumsjón með gerð samkomulags ríkis og sveitarfélaga á grundvelli laga um opinber fjármál frá árinu 2015 eitt veigamesta verkefni nefndarinnar. Þrjár undirnefndir starfa í umboði Jónsmessunefndar; kjaramálaráð ríkis og sveitarfélaga, samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga um opinber fjármál og samráðsnefnd aðila um skýra verka- og ábyrgðarskiptingu í opinberri þjónustu.

ENDURSKOÐUN REGLUVERKS JÖFNUNARSJÓÐS SVEITARFÉLAGA

Í september 2016 var sett á lagginn nefnd á vegum innanríkisráðuneytisins með þátttöku fulltrúa sveitarfélaga til að endurskoða regluverk jöfnunarsjóðs m.a. með vísan til tillagna sem fram komu árið 2010 í svokallaðri „*Flosanefnd*“. Nefndin skilaði skýrslu til ráðherra í september 2017. Meðal tillagna var að setja hámark á framlög úr jöfnunarsjóði sem nemur 45% af skatttekjum sveitarfélags og að sveitarfélög sem ekki leggja á hámarksútsvar skuli sæta skerðingu á framlögum sem



Frá fundi um fjármálastefnu 2017.

nemur vannýttum útsvarstekjum. Formaður nefndarinnar gerði grein fyrir niðurstöðum á fjármálaráðstefnu 2017.

LÍFEYRISMÁL OPINBERRA STARFSMANNA

Á árinu var undirritað samkomulag um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Viðræður höfðu staðið yfir í langan tíma áður en þau ánægjulegu tímamót runnu upp að hægt væri að undirrita samkomulagið sem er á milli ríkisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga f.h. sveitarfélaganna í landinu, BHM, BSRB og Kennarasambands Íslands. Þetta samkomulag er hugsað sem mikilvægur áfangi í því að jafna lífeyrisréttindin í landinu sem og til þess að bæta hið íslenska vinnuamarkaðsmódel og færa það meira til samræmis við það sem gerist á hinum Norðurlöndunum.

FASTEIGNASKATTAR AF ORKUMANNVIRKJUM

Nefnd sem falið var að greina og varpa heildstæðu ljósi á skattlagningu á mannvirki sem byggð eru í þeim tilgangi að framleiða eða flytja rafmagn skilaði skýrslu í mars 2017. Ekki náðist samstaða í nefndinni og eru sjónarmið aðila sem fulltrúa áttu í nefndinni reifuð í skýrslu hennar.

MÁLEFNI ALDRADRA

Á grundvelli rammasamnings Sjúkratrygginga Íslands um þjónustu hjúkrunarheimila frá október 2016 er starfrækt samstarfsnefnd með þátttöku fulltrúa sambandsins, sem fjallar um þau álitamál og umkvartanir sem berast vegna samningsins. Samkvæmt bókunum með rammasamningi var skipað í vinnuhópa annars vegar um reiknilíkan hjúkrunarheimila og hins vegar um húsnæðiskostnað þeirra. Þá undirrituðu aðilar, samhliða undirritun rammasamnings um þjónustu við hjúkrunarheimili, samkomulag um áframhaldandi viðræður þeirra í milli um gerð rammasamnings vegna þjónustu í dagdvalarrýmum hjúkrunarheimila sem og dagdvalarstofnana. Samningaviðræður hófust í október 2017.

FRAMSETNING GAGNA


Á árinu tók sambandið í notkun Power BI hugbúnað frá Microsoft, en með því er hægt að birta gögn myndrænt og með gagnvirkum hætti. Til að byrja með voru settar inn myndrænar framsetningar úr ársreikningum sveitarfélaga, s.s. rekstarreikninga, efnahagsreikninga og sjóðstreymi. Síðar voru settar inn upplýsingar um rekstur málaflokka sveitarfélaga og því næst niður á einstakar rekstrareiningar svo sem grunnskóla og leikskóla. Til stendur að þróa þetta áfram og bæta við nýjum upplýsingum sem munu nýtast í greiningarvinnu um sveitafélögin.

FJÁRMÁLARÁÐSTEFNA SVEITARFÉLAGA

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga var haldin á Hilton Reykjavík Nordica hóteli dagana 5. og 6. október. Uppselt var að þessu sinni á ráðstefnuna og komust færri að en vildu á þá 39 viðburði sem voru í boði.

Formaður sambandsins, Halldór Halldórsson, setti ráðstefnuna og því næst ávarpaði fjármála- og efnahagsráðherra, Benedikt Jóhannesson, ráðstefnugesti. Svöruðu Halldór og Benedikt að því loknu spurningum úr sal undir stjórn fundarstjóranna Áslaugar Huldu Jónsdóttur, bæjarfulltrúa í Garðabæ og Páls Björgvins Guðmundsson, bæjarstjóra í Fjarðabyggð. Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagsviðs SA fjallaði jafnframt um horfur í efnahagsmálum og Sigurður Á. Snævarr, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs fór yfir fjárhagsstöðu sveitarfélaga. Þá kynnti Jóhannes Á. Jóhannesson nýja framsetningu á tölulegum gögnum á vef sambandsins, samband.is.

Eftir hádegi var sjónum ráðstefnugesta síðan beint að stöðu og framtíð sveitarfélaga. Jón Gunnarsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, fjallaði um tækifærin á landsbyggðinni og Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir kynnti skýrslu verkefnisstjórnar, sem hún veitti formennsku og lagt hefur m.a. til að lögfest verði ákvæði um lágmarksíbúafjölda sveitarfélaga. Þá fjölluðu Kristinn Jónasson, sveitarstjóri



Jóhannes Á. Jóhannesson, sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði kynnir myndræna framsetningu gagna á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2017.

Snæfellsbæjar og Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari Ísafjarðarbæjar, um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga ásamt framkomnum tillögum að breyttu regluverki fyrir sjóðinn, svo að stiklað sé á því helsta sem var í boði fyrri daginn.

Síðari daginn var svo bryddað upp á þeirri nýjung að skipta ráðstefnunni upp í fjóra hluta, en venjan hefur verið að hafa þá hlutana tvo. Málstofur voru eftirfarandi:

- A-hluti Fjármál sveitarfélaga
- B-hluti Fræðslumál og félagsþjónusta
- C-hluti Fasteignir og húsnæðismál
- D-hluti Byggð og atvinna

Nálkast má upptökur af fyrri degi fjármálaráðstefnu 2017 á vef sambandsins. Þess má svo geta að skv. ráðstefnumati voru 30% þátttakenda mjög ánægðir og 63% ánægðir með ráðstefnuna.

SKÓLAPING SVEITARFÉLAGA 2017

Meginviðfangsefni skólapingu sveitarfélaga, sem fram fór í byrjun nóvember, var að þessu sinni tvíþætt eða framkvæmd opinberrar menntastefnu hér á landi annars vegar og vaxandi nýliðunarvandi í kennarastétt hins vegar. Yfirskrift fyrri hlutans var *Tökum nýjan kúrs*, en þar var fjallað um úttekt Evrópumíðstöðvar á framkvæmd menntastefnunnar og með hvaða hætti skuli brugðist við niðurstöðum hennar. Stórum spurningum er beint að sveitarfélögum í þessu samhengi sem lúta m.a. að þverfaglegum landshlutateymum í heilbrigðismálum, skólamála og félagsþjónustu. Yfirskrift síðari hlutans var *Hvar eru kennararnir?* Auk þess sem fjallað var um nýliðunarvanda kennarastéttarinnar, var sjónum þinggesta beint að þeim leiðum sem eru færar í þeim efnum. Einnig var sagt frá þeim tillögum sem sambandið hefur unnið að í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ og kennaradeild HA og afhentar voru síðar menntamálaráðuneyti til frekari úrvinnslu.

Nálkast má upptökur af skólapingi 2017 á vef sambandsins.

BÓKUN 1 MEÐ KJARASAMNINGI FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA

Mikil vinna fór í úrvinnslu bókana með kjarasamningum á árinu 2017. Stærsta verkefnið var úrvinnsla bókanar 1 með kjarasamningi Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara þar sem samningsaðilar urðu sammála um að skoða þyrfti framkvæmd breytinga á starfsumhverfi grunnskólakennara og innleiðingu vinnumats sem aðilar sömdu um í kjarasamningi árið 2014. Dagana 24. janúar til 3. febrúar hélt kjarasvið 9 undirbúningsfundum víðs vegar um landið með þeim forystumönnum sveitarfélaga sem standa að rekstri grunnskóla og báru ábyrgð á framkvæmd þess verkefnis sem bókun 1 fól í sér. Á fundunum fór fram kynning á Vegvísi samstarfsnefndar samningsaðila og var leitast við að svara spurningum fundarmanna um innihald hans og væntingar samningsaðila.

Hverju sveitarfélagi var falið að fara yfir framkvæmd vinnumats og breytingar sem orðið hafa á skólastarfi í kjölfar kjarasamningsins. Markmið vinnunnar var að bæta framkvæmd skólastarfs þar sem þörf reyndist til og ná almennari sátt um starfsumhverfi kennara. Einkum var lögð áhersla á að skoða hvernig ná mætti því markmiði kjarasamningsins að kennsla og undirbúningur hafi forgang í störfum kennara og eins hvernig léttu megi álagi af kennurum þar sem þess reynist þörf. Sveitarfélögum var samkvæmt vegvísi gert að skila tímasettri umbótaáætlun fyrir hvern skóla innan sveitarfélagsins. Í umbótaáætlunum kom fram almennur vilji sveitarfélaganna til að bæta úr fjölmörgum atriðum. Samstarfsnefnd aðila tók saman helstu niðurstöður og birtí í skýrslu í október.

Samningsaðilar eru sammála um að fylgja þessari vinnu eftir á árinu 2018 með athugun á því hvernig til hefur tekist með framkvæmd umbótaáætlana og hvaða árangri þær hafa skilað.



Frá fundi um geðheilbrigði skólabarna sem haldinn var í mars 2017.

STARFSÞRÓUNARNEFND

Sérstök starfsþróunarnefnd var sett á laggirnar til að framfylgja ákvæðum gr. 10.2.1 í kjarasamningum starfsmannafélaga innan BSRB, LSS og verkálýðsfélaga innan ASÍ og bókana stéttarfélaganna íðnaðarmanna og skipstjórnarmanna um mat á starfstengdu námi með kjarasamningum árið 2016.

Starfsþróunarnefnd birtir lista á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga yfir starfstengt nám sem nefndin staðfestir að uppfylli skilyrði um ávinnslu persónuálags í ákvæðum gr. 10.2.1 og í bókunum um mat á styttri starfstengdum námskeiðum.

SAMRÁÐSNEFND SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA OG BÆJARSTARFS-MANNAFÉLAGA INNAN BSRB

Samráðsnefnd sambandsins og bæjarstarfsmannafélaga innan BSRB var stofnsett á árinu 2017. Nefndinni er ætlað að vera viðbót við samstarfsnefndir aðila sem starfa áfram í samræmi við ákvæði kjarasamninga. Vettvangur samráðsnefndarinnar verður fyrst og fremst að einfalda samskipti og auka samlegð við úrlausn stórra, sameiginlegra og fordæmisgefandi mála sem snúa að samskiptum við Samband íslenskra sveitarfélaga sem og eftirfylgni kjarasamninga s.s. að:

- vinna úr sameiginlegum bókunum með kjarasamningum aðila
- samræma túlkanir kjarasamninga
- fara sameiginlega yfir launaupplýsingar

Unnið var einnig úr bókun Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fylgdi miðlunartillögu ríkissáttasemjara dags. 31. janúar 2017.

Í bókuninni urðu aðilar sammála um að æskilegt sé að launamyndun kennara og stjórnenda í tónlistarskólum verði í meginatriðum sambærileg við launamyndun kennara

og stjórnenda í öðrum skólagerðum. Settur var á stofn starfshópur sem ætlað er að leggja mat á kosti og galla við frekari samræmingu kjarasamninganna og eftir atvikum að lýsa æskilegri framtíðarstöðu. Miðað er við að starfshópurinn skili niðurstöðum sínum til samningsaðila fyrir lok mars 2018.

KJARAVIÐRÆÐUR VIÐ FÉLAG GRUNNSKÓLAKENNARA

Eini kjarasamningurinn sem laus var á árinu 2017 var kjarasamningur við Félag grunnskólakennara sem rann út þann 30. nóvember. Aðilar undirrituðu viðræðuáætlun þann 28. ágúst og hófust kjaraviðræður í lok október.

STARFSMATIÐ

Framkvæmdanefnd starfsmatsnefndar stóð fyrir kynningum á starfsmatskerfinu bæði fyrir starfsmenn sveitarfélaga og stéttarfélaganna. Dagana 6. til 17. febrúar stóð Framkvæmdanefnd starfsmats fyrir kynningarfundum um starfsmat á 7 stöðum á landinu. Fundirnir voru ætlaðir stjórnendum og mannauðs-/starfsmannastjórum sveitarfélaga ásamt fulltrúum stéttarfélaganna.

Áhersla verður lögð á að vinna að starfsmati starfa sem falla undir kjarasamninga stéttarfélaganna háskólamanna sem tekur gildi 1. júní 2018.

NORRÆNT SAMSTARF Í KJARAMÁLUM

Vinnuveitendaráðstefna norrænu sveitarfélagasambandanna var haldin á árinu 2017. Tveir fulltrúar kjarasviðs sóttu ráðstefnuna, sem var haldin á Gotlandi dagana 11. til 13. júní. Fulltrúar kjarasviðs voru með framsögu í fjórum málum á ráðstefnunni og stjórnðu umræðum um þau. Næsta ráðstefna verður haldin á Íslandi 9. til 12. júní 2019.

Að auki sóttu fulltrúar kjarasviðs þrjá samnorræna fundi á vegum norrænu sveitarfélagasambandanna þ.e. fund



Merki Sambands íslenskra sveitarfélaga var fest á 5. hæð hússins við Borgartún 30 á árinu 2017.

kjaramálastjóra, lögfræðinga kjaramála og sérfræðinga í kjaramálum kennara.

LAGABREYTINGAR

Alþingiskosningar settu svip sinn á störf Alþingis á árinu og var fyrir vikið óvenju lítið um lagasetningu. Sú löggjöf sem ber hæst er að líkindum setning laga um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sem fela í sér skyldu fyrir öll fyrirtæki og stofnanir með 25 eða fleiri starfsmenn til þess að afla sér jafnlaunavottunar. Lögin taka gildi í áföngum en eiga að fullu að verða komin til framkvæmda í lok árs 2021.

Einnig er vert að nefna breytingu á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, sem felur í sér að framvegis er hlutverk sjóðsins eingöngu að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða sem eru í eigu eða umsjón sveitarfélaga eða einkaaðila. Sú breyting að ríkisstofnanir geta ekki lengur sótt um framlög úr framkvæmdasjóðnum eykur verulega möguleika sveitarfélaga til þess að tryggja sér fjármögnun frá sjóðnum, miðað við að fjárheimildir hans haldist áfram óbreyttar.

Samþykkt var breyting á umferðarlögum sem heimilar sveitarfélögum að leggja á bílastæðagjöld utan þéttbýlis, þ.á m. á þjóðlendum innan þeirra marka. Lagabreytingin gerir sveitarfélögum þannig kleift að taka upp gjaldtöku á fjölsóttum ferðamannastöðum og er heimilt að nýta tekjur til að standa straum af byggingarkostnaði, viðhaldi og rekstri stöðureita og bifreiðageymslna til almenningsnota, þ.m.t. launum varða. Einnig getur gjaldtaka staðið undir kostnaði við uppbyggingu, viðhald og rekstur þjónustu sem veitt er í tengslum við notkun stöðureita, svo sem salernisastöðu, gerð og viðhaldi göngustíga og tenginga við önnur samgöngumannvirki.

Loks er ástæða til að nefna breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs og ný lög um fólksflutninga og farmflutninga á landi, sem fela í sér innleiðingu á evróputilskipunum en í meginatriðum tók sambandið undir þessar lagabreytingar.

SVEITARFÉLÖGIN OG PERSÓNUVERND

Ný heildarlöggjöf í persónuvernd tekur gildi í Evrópusambandinu (ESB) 25. maí 2018. Stefnt er að gildistöku hennar hér á landi síðar á því ári og mun löggjöfin hafa umtalsverð áhrif á sveitarfélög. Starfsmenn sambandsins hafa leitast við að aðstoða sveitarfélögin við undirbúning innleiðingar á þessari löggjöf. Auk þess sem leiðbeiningar hafa verið gefnar út og þær kynntar, gekkst sambandið í byrjun desember fyrir Persónuverndardegi sveitarfélaga. Á fundinum voru stofnaðir tengiliðahópar um UT-mál og lögfræðimál tengd innleiðingu nýju löggjafarinnar. Nálágast má upptökur af Persónuverndardeginum á vef sambandsins.

Þá var vinnu fram haldið frá árinu áður vegna frumkvæðisúttektar Persónuverndar á meðferð persónuupplýsinga í Mentor skráningarkerfinu. Málalýktir urðu þær, að gerður var samningur við Marínó G. Njálsson um gerð á öryggisstefnu, áhættumati í formi sjálfmats skjals, öryggisgreiningu vegna vinnslu og síðast en ekki síst á reglubók fyrir grunnskólana. Nálágast má umfangsmiklar upplýsingar og leiðbeiningar um sveitarfélögin og persónuvernd á vef sambandsins.

MENNTUN ÁN AÐGREININGAR

Úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi sem Evrópumíðstöðvar um nám án aðgreiningar og sérþarfir vann að beiðni menntamálaráðuneytis lauk í byrjun ársins. Þann 2. mars undirrituðu svo Samband íslenskra sveitarfélaga, mennta- og menningarmálaráðuneytið, velferðarráðuneytið, Kennarasamband Íslands, Skólameistarafélag Íslands og Heimili og skóli viljayfirlýsingu þess efnis, að niðurstöðum Evrópumíðstöðvarinnar verði fylgt eftir á öllum þremur skólastigum. Þá var í ágúst haldið málþing um framkvæmd stefnunnar og niðurstöður úttektarinnar. Upptökur af málþinginu eru á vef sambandsins. Framkvæmd á stefnunni



Frá XXXI. landsþingi sambandsins sem haldið var á Grand hótel í Reykjavík í mars 2017. Á myndinni eru þau Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri á Seltjarnarnesi og Ísfríðingarnir Arna Lára Jónsdóttir, forseti bæjarstjórnar, og Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri.

um menntun á aðgreiningar og skýrsla Evrópumíðstöðvar var jafnframt eitt af aðalmálum skólaþings sveitarfélaga 2017.

KENNARANÝLIÐUN Í LEIK- OG GRUNNSKÓLUM

Sambandið vann að gerð tillagna um hvernig bregðast megi við skorti á kennurum í leik- og grunnskólum í samvinnu Menntavísindasvið Háskóla Íslands og miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Tillögurnar lágu fyrir um miðjan júní og fengu almennt góða og jákvæða umsögn hjá helstu hagaðilum. Taldi m.a. Kennarasamband Íslands að tillögurnar og greinargerð sem unnin var með þeim náí vel utan um þann vaxandi vanda sem við er að etja í þessum efnunum. Þá tók sambandið þátt í samstarfsverkefni um að vekja athygli ungra karla á starfi kennara í leikskólum og að fjölga þeim í starfi í samstarfi við háskóla og stéttarfélag. Fengu þrír karlar styrk til að hefja nám á meistarastigi haustið 2017, sem veitir þeim leyfisbréf til kennslu á leikskólastigi. Þeir þurfa auk þess að sinna ákveðnum verkefnum í samráði við stýrihóp verkefnisins með það að markmiði, að vekja athygli á náminu og leikskólastarfi.

PRÓUN LÖGGJAFAR UM FÉLAGSPJÓNUSTU OG ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK

Á undanförunum árum hefur verið unnið markvisst að endurskoðun löggjafar á sviði félagsþjónustu og þjónustu við fatlað fólk. Sambandið hefur sérstaklega látið sig varða hvernig þessum verkefnum vindur fram, enda mikilvægt að nýta þá lærdóma sem fengust við yfirfærslu á þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga. Reiknað er með að þessum áföngum í löggjafarstarfi ljúki á árinu 2018 og að við upphaf árs 2019 hafi nýr heildstæður lagarammi tekið gildi gagnvart sveitarfélögunum.

Í flestu tilliti mun nýr lagarammi hafa bæði í för með sér réttarbót fyrir notendur og stuðning við faglega framþróun þjónustu sveitarfélaganna þar sem áhersla er lögð á notendasamráð og einstaklingsmiðaða nálgun. Í gegnum samþættingu og skýra stefnumörkun hefur félagsþjónustan nú vaxandi burði til þess að sinna sínum verkefnum. Sjá má skýrar vísbendingar um að öldrunar- og heilbrigðisþjónusta horfi nú til félagsþjónustunnar til þess að sjá nýmæli og framsækna hugsun m.a. varðandi þróun notendasamninga.

Jafnframt hefur sambandið talið mikilvægt að fylgjast grannt með því hvernig Sáttmáli SP um réttindi fatlaðs fólks er innleiddur hér á landi. Til þess að skapa sveitarfélögum vettvang til umræðu um það efni efndi sambandið til málþings þann 16. maí 2017 undir yfirskriftinni: „Hvaða þýðingu hefur Sáttmáli SP um réttindi fatlaðs fólks fyrir starfsemi og þjónustu sveitarfélaganna?“. Málþingið var haldið í samvinnu sambandsins, Öryrkjabandalags Íslands, Landssamtakanna Proskahjálpar og Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands með styrk frá velferðarráðuneytinu.

AÐGERÐA- OG FRAMKVÆMDAÁÆTLANIR Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Stefna stjórnvalda á sviði velferðarþjónustu hefur verið til mikillar umræðu á umliðnum misserum. Þar felur gerð og framfylgd framkvæmdaáætlana í sér mikilvægt stjórnþæki sem m.a. rammur inn samskipti ríkis og sveitarfélaga um fjárhagsleg og fagleg málefni.

Í aðkomu sinni að slíkrri áætlanagerð leggur sambandið ætíð megináherslu á að tryggja samfellu og samlegðaráhrif á milli ólíkra áætlana. Meðal dæma sem þar má nefna er samspil byggðaáætlunar við aðgerðir um uppbyggingu fjarheilbrigðisþjónustu. Þá hefur sambandið einnig gætt þess eins og unnt er að tiltekna aðgerðir sem settar eru á ábyrgð sveitarfélaga, séu kostnaðarmetnar og ákvarðanir teknar um fjármögnun þeirra.



Frá 17. júní hátíðahöldum í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Áætlanagerðin hefur gengið nokkuð misjafnlega eftir sviðum. Fyrir liggja greinargóðar og í flestum tilvikum raunhæfar áætlanir um málefni barnaverndar, fatlaðs fólks, innflytjenda og geðheilbrigðisþjónustu. Á hinn bóginn skortir mjög á að smiðshögggið hafi verið rekið í vinnu við aðrar áætlanir á sviði heilbrigðis- og öldrunarmála. Þá hefur sambandið kallað sérstaklega eftir því að velferðarráðuneytið ljúki vinnu við gerð stefnu og aðgerðaráætlunar á sviði velferðartækni.

GRÁBÓK

Sambandið hefur um árabil vakið athygli á því að óskýr ábyrgðarskil milli þjónustukerfa standi framþróun velferðarþjónustu fyrir þrifum auk þess sem grá svæði af þessu tagi séu ávísun á slæma nýtingu opinberra fjármuna.

Vaxandi skilningsgætir á því að takast þurfi á við vanda af þessu tagi. Undir lok árs 2017 var sett á dagskrá Jónsmessunefndar að skipa sérstaka samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga sem einkum er ætlað að sinna þessum verkefnum:

- Athugun á álitafnum um óskýra verka- og kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga.
- Yfirumsjón með gerð og eftirfylgni aðgerðaáætlana sem miða að því að skýra kostnaðar- og verkaskiptingu á afmörkuðum sviðum opinberrar starfsemi.

Nefndin var skipuð í upphafi árs 2018 og ákveðið að fyrsta aðgerðaráætlun hennar snúi að fækkun grárra svæða í velferðarþjónustu. Auk fulltrúa frá sambandinu sitja í nefndinni fulltrúar frá ráðuneytum fjármála, sveitarstjórnarmála og velferðarmála.

FORDÆMISSKAPANDI MÁL VEGNA SAMFÉLAGSBREYTINGA

Þrýstingur á velferðarþjónustu er gjarnan fylgífiskur hraðra samfélagsbreytinga, þar sem nýjar stuðningsþarfir og önnur samsetning notendahópa verða til. Starfsmenn sambandsins reyna eftir föngum að sinna hagsmunagæslu við slíkar

kringumstæður og freista þess að tryggja að sveitarfélög og aðilar á þeirra vegum hafi forsendur til þess að takast á við breytingarnar. Er þá m.a. kallað eftir viðbrögðum frá stjórnvöldum ríkisins eða eftir atvikum löggjafanum varðandi mál sem upp koma og geta haft fordæmisgildi til framtíðar

Á árinu 2017 voru tvö mál af þessu tagi einkar áberandi og fyrirferðarmikil. Annars vegar er um að ræða málefni fylgdarlausra barna sem hingað koma á flóttu og óska eftir því, þegar alþjóðleg vernd hefur verið veitt, að fá fjölskylduna sameinaða hér á landi. Hins vegar er hér vísað til hóps langveikra sjúklinga sem geta útskrifast af sjúkrahúsi ef sólarhringsþjónusta við þá er veitt í heimahúsi í staðinn.

Í báðum tilvikum er um fámenna hópa að ræða en þjónustuþarfir eru hins vegar það miklar að ákvörðun um útskrift eða fjölskyldusameiningu felur í sér mikla áskorun, bæði faglega og fjárhagslega, fyrir þá aðila sem ætlað er að veita stuðning þaðan í frá.

Sveitarfélög sem áttu í hlut vegna slíkra fordæmismála á árinu 2017 náðu nokkrum árangri í viðræðum við ráðuneyti og önnur stjórnvöld ríkisins (þar á meðal Landspítala). Undir lok árs varð hins vegar ljóst að niðurstaðan biði ársins 2018.

HÚSNÆÐISMÁL

Á árinu var áfram unnið að innleiðingu nýs fyrirkomulags á opinberum húsnæðisstuðningi og átti sambandið mjög gott samstarf við Íbúðalánasjóð og velferðarráðuneytið um þau verkefni.

Samráðsnefnd um húsnæðismál náði að festa sig í sessi og vann m.a. greiningu á fjárhagslegu svigrúmi sveitarfélaga vegna þess verkaskiptasamkomulags sem gert var í lok maí 2016.

Í júní var gengið frá viljayfirlýsingu um framlög úr Fasteignasjóði jöfnunarsjóðs til fasteigna í þágu fatlaðs fólks. Með yfirlýsingu leystist sá ágreiningur er upp kom á árinu 2016 og víkið var að í ársskýrslu sambandsins fyrir það ár.



Karl Björnsson, framkvæmdastjóri sambandsins segir þingmönnum í Velferðarnefnd Alþingis frá starfsemi sambandsins.

Ýmis úrlausnarefni voru þó enn á vinnslustigi í lok árs og má þar helst nefna framtíðarfyrikomulag á þeim verkefnum sem Varasjóður húsnæðismála hefur haft með höndum og skipulag á miðlægri öflun upplýsinga um húsnæðismál. Þar hafa sérfræðingar sambandsins átt ágætt samstarf við velferðarráðuneytið, SSH, Íbúðalánasjóð og fleiri aðila um leiðir til að bæta yfirsýn um stöðu byggingar- og húsnæðismála.

STARFSHÓPUR UM SJÁLFSVÍGSFORVARNIR

Félagsþjónustufulltrúi sambandsins tók sæti í starfshópi á vegum Embættis landlæknis um sjálfsvígsforvarnir með sérstaka áherslu á innleiðingu gagnreyndra aðferða. Starfshópurinn skipa m.a. fulltrúar frá Embætti landlæknis, Geðhjálp, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Landspítala. Tíðni sjálfsvíga hér á landi er lægst meðal unglinga með hliðsjón af samanburðarlöndum, en svipuð yfir öll fullorðinsárin. Á síðastliðnum áratug hafa t.d. flest sjálfsvíg (22%) átt sér stað í aldurshópnum 30-39 ára og svipaður fjöldi sjálfsvíga (16%-17%) átt sér stað í aldurshópnum 20-29 ára, 40-49 ára og 50-59 ára.

VINNUHÓPUR SAMTAKA FYRIRTÆKJA Í VELFERÐARÞJÓNUSTU

Félagsþjónustufulltrúi sambandsins tók síðla árs 2017, sæti í vinnuhópi Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu sem fjallar um velferðartækni. Tilgangur vinnuhópsins er m.a. að koma á sameiginlegum vettvangi fagaðila sem starfa að velferðartengdum málum, þar sem hægt er að skiptast á skoðunum og reynslu og koma upplýsingum áleiðis. Mikilvægt er að stjórnvöld móti stefnu um nýtingu velferðartækni og ryðji úr vegi hindrunum fyrir nýsköpun á þessu sviði. Má þar nefna að reglugerðir torveldi ekki aðgengi sjúklunga að fjarheilbrigðisþjónustu. Mikill áhugi er meðal sveitarfélaga á velferðartækni og þeim tækifærum sem þar skapast og þá sér

í lagi innan öldrunarþjónustu og félagslegrar heimaþjónustu sveitarfélaganna. Áfram verður unnið að framgangi þessa en 10 sveitarfélög á Norðurlöndunum þ.á m. Reykjavík og Akureyri tóku þátt í CONNECT verkefni um innleiðingu velferðartækni.

GOAL-VERKEFNIÐ

Félagsþjónustufulltrúi og skólamálafulltrúi tóku þátt í lokaráðstefnu GOAL Evrópuverkefnisins á Íslandi, sem fram fór í Garðabæ í desember. Sérfræðingar sambandsins hafa tekið þátt í samráðsfundum vegna verkefnisins frá árinu 2015. GOAL-verkefnið (Guidance and orientation for Adult Learners) miðar að því að þróa ráðgjöf og leiðsögn fyrir fullorðna námsmenn, með áherslu á þá hópa sem standa veikt að vígi gagnvart námi vegna félagslegra aðstæðna. Um þriggja ára Erasmus Key verkefni er að ræða og sneru meginþættir þess að þróun tengslanets og eflingu samstarfs þjónustukerfa. Þá var einnig skoðað hvort beina megi þjónustu þangað sem markhópurinn er að finna í samstarfi við hagsmunaaðila á viðkomandi svæðum. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins fór með verkefnastjórnun og sá Menntavísindastofnun Háskóla Íslands um rannsóknarhluta verkefnisins. Þátttakendur sem rætt var við voru 94 talsins, með fjölbreyttan bakgrunn og áskoranir. Þá var á lokaráðstefnunni einnig hugað að stefnumótun, en talið er að gera þurfi betur varðandi samstarf hagsmunaaðila, tilvísanakerfi og aðkomu heilbrigðiskerfisins. Enn fremur þarf að taka á þeim áskorunum, sem eru samfara því, að aukinn fjöldi innflytjenda vill nýta sér þjónustu náms- og starfsráðgjafa.

FERÐAÞJÓNUSTA

Sambandið tók þátt í vinnu við gerð landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarminjum og átti aðkomu að ýmsum verkefnum sem snúa að því að bregðast við uppgangi ferðaþjónustu. Í öllum landshlutum stendur yfir vinna við gerð áfangastaðaáætlana, sem á að ljúka á fyrri hluta ársins 2018. Einnig hefur skammtímaleiga



Gistihúsum hefur fjölgað mjög á síðustu árum.

Íbúðarhúsnæðis til ferðamanna verið mikið til umræðu á árinu og áttu fulltrúar sambandsins í Ferðamálaráði aðkomu að gerð tillagna um það efni sem afhentar voru ráðherra ferðamála á haustmánuðum. Leiðbeiningar sem sambandið gaf út til sveitarfélaga um útleigu húsnæðis til ferðamanna voru endurskoðaðar í janúar með hliðsjón af nýrri reglugerð og lagabreytingum 2016.

Breyting á umferðarlögum var samþykkt á vörþingi, sem felur í sér mikla möguleika á innheimtu bílastæðagjalda fyrir þau sveitarfélög sem annast umsjón ferðamannastaða. Í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar er gert ráð fyrir því að sveitarfélög fái tekjur vegna gistináttaskatts.

FUNDUR FÓLKSINS

Samband íslenskra sveitarfélaga og Jafnréttisstofa stóðu fyrir sameiginlegri málstofu á *Fundi fólksins*, sem fór að þessu sinni fram Akureyri dagana 8. og 9. september. Yfirskrift málstofunnar var *Skiptir kyn máli í bæjarpólitik?* og deildu fjórir núverandi og fyrrverandi sveitarstjórnarmenn og sveitarstjórar frá reynslu sinni; Andrea Hjálmsdóttir, fyrrverandi bæjarfulltrúi á Akureyri, Ólafur Rúnar Ólafsson, sveitarstjóri í Eyjafjarðarsveit, Unnur Valborg Hilmarsdóttir, oddviti Húnaþings vestra og Guðmundur Baldvin Guðmundsson, formaður bæjarráðs Akureyrarbæjar. Lokaorðið átti Kristín Ástgeirsdóttir, fyrrverandi framkvæmdastýra Jafnréttisstofu, en Svanfríður Jónasdóttir, fyrrverandi bæjarstjóri á Dalvík, var málstofustjóri. Almannaheill, samtök þriðja geirans, stóðu að fundinum. Þessi árlegi viðburður hefur enn fremur fengið nýtt heiti og nefnist nú *Lýsa – upplýsandi hátíð um málefni samfélagsins*.

UT-DAGURINN

Dagur upplýsingatækninnar eða UT-dagurinn hefur verið árviss viðburður frá árinu 2006 í samstarfi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skýrslutæknifélagsins. Dagskráin var að þessu sinni tvískipt fyrir og eftir hádegis. Fyrri hlutinn var helgaður

nýjungum í vefmálum ríkis og sveitarfélaga og var vefstefna og lýðræðisverkefni Reykjavíkurborgar og ný samráðsgátt ráðuneytanna á meðal þess sem fjallað var um.

Fyrri hlutanum lauk á því, að kynntar voru niðurstöður úttektarinnar *Hvað er spunið í opinbera vefi 2017?* Úttektin er gerð annað hvert ár og hefur þátttakendum í síðustu tvö skipti einnig boðist veföryggisúttekt. Stigahæstu sveitarfélagavefina áttu Fljótsdalshérað, Kópavogsbær, Reykjavíkurborg, Akureyrarbær og Reykjanesbær. Af þeim var vefur Reykjavíkurborgar valinn besti sveitarfélagavefurinn.

Á síðari hluta UT-dagsins fór svo fram ráðstefnan *Í öruggri sókn á netinu* sem fjallaði um skipulag upplýsingatæknimála hjá því opinbera og netöryggismál. Einnig vakti athygli skýrsla, sem Oxford háskóli hefur gert fyrir ríkisstjórn Íslands um stöðu netöryggismála hér á landi. Inniheldur skýrslan mat á 24 þáttum og um 120 ábendingar til stjórnvalda um nauðsynlegar úrbætur og hefur hún nýst við mótun væntanlegrar heildarlöggjafar á þessu sviði.

MÁLÞING SVEITARFÉLAGA UM ÍBÚASAMRÁÐ OG ÞÁTTTÖKU ÍBÚA

Samband íslenskra sveitarfélaga stóð fyrir málþinginu í samvinnu við sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið. Markmið þess var að miðla þekkingu og reynslu til sveitarfélaga um hvernig hægt er að stunda markvíst og árangurríkt íbúasamráð og virkja íbúa til jákvæðrar þátttöku.

Fjallað var m.a. um lykilkætti í íbúasamráði og íbúapátttöku í þremur málstofum, þar sem sveitarfélög kynntu þróunarverkefni á sínum vegum og skiptust á sjónarmiðum og reynslu að kynningum loknum. Þá var væntanleg handbók sambandsins um íbúasamráð kynnt til sögunnar.



Frá UT deginum þar sem yfirskriftin var „Hvað er spunið í opinbera vefi 2017?“

SVEITARSTJÓRNARÞING EVRÓPURÁÐSINS

Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins er pólitískur samstarfs- vettvangur evrópskra sveitarfélaga og svæða. Þingið kemur saman að vori og hausti ár hvert í Evrópuráðshöllinni í Strassborg. Ísland á þrjá þingfulltrúa, sem tilnefndir eru af stjórn sambandsins til fjögurra ára í senn. Formaður sendinefndar Íslands var Halldór Halldórsson.

Á vorþinginu voru samþykktar skýrslur um stöðu sveitarstjórnarstigsins gagnvart Evrópusáttmála um sjálfstjórn sveitarfélaga í Finnlandi, Eistlandi, Möltu og Íslandi. Eitt af meginverkefnum sveitarstjórnarþingsins er að hafa eftirlit með stöðu sáttmálans og að fylgjast með framkvæmd sveitarstjórnakosninga í aðildarríkjum Evrópuráðsins.

Niðurstöður skýrslunnar um Ísland eru í meginráttum jákvæðar. Athygli er þó vakin á gráum svæðum á milli ríkis og sveitarfélaga. Einnig er bent á, að endurskoða þurfi jöfnunarkerfið og ófullnægjandi fjármögnun á verkefnum sveitarfélaga. Formaður íslensku sendinefndarinnar tók undir niðurstöður skýrslunnar og Jón Gunnarsson, þáverandi ráðherra sveitarstjórnarmála, lýsti vilja sínum til að fjarlægja gráu svæðin í opinberri þjónustu og að bæta fjárhagsstöðu sveitarfélaga þar sem þess er þörf.

Auk Halldórs sátu vorþingið Gunnar Axel Axelsson, bæjarfulltrúi Hafnarfjarðarbæ og Gunnhildur Ingvarsdóttir, bæjarfulltrúi á Fljótsdalshéraði. Fulltrúar Íslands á haustþingi Evrópuráðsins, sem fram fór 18. til 20. október, voru Halldór Halldórsson formaður, Gunnar Axel Axelsson og S. Björn Blöndal í fjarveru Gunnhildar Ingvarsdóttur. Þá sátu einnig sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins Anna G. Björnsdóttir, ritari íslensku sendinefndarinnar, Guðrún D. Guðmundsdóttir, forstöðumaður Brussel-skrifstofu sambandsins og Tinna Isebarn, framkvæmdastjóri Landsambands Ungmennafélaga, en hún hafði áður verið valin af Evrópuráðinu sem einn af 36 æskulýðsfulltrúum á þinginu.

FUNDUR STEFNUMÓTUNARNEFNDAR EVRÓPUSAMTAKA SVEITARFÉLAGA

Fundur stefnumótunarnefndar Evrópusamtaka sveitarfélaga (CEMR) fór fram 12. til 13. júní á Chios, Grikklandi. Sambandið á þrjá fulltrúa í stefnumótunarnefnd samtakanna, sem fer með pólitíska yfirstjórn og fundar tvisvar á ári; Eirík Björn Björgvinsson, bæjarstjóra á Akureyri, Höllu Sigríði Steinólfsdóttur, varaoddvita Dalabyggðar, og Aldís Hafsteinsdóttur, bæjarstjóra í Hveragerði, en Ísólfr Gylfi Pálmason, sveitarstjóri Rangárbings eystra, tók fyrir hennar hönd þátt í Chios-fundinum. Einnig tók forstöðumaður Brussel-skrifstofu sambandsins þátt í fundinum, sem fjallaði að mestu um málefni flóttafólks og innflytjenda.

Auk þess að fjalla um afar erfiða stöðu í flóttamannamálum, samþykkti fundurinn m.a. stefnumótunarskjal Evrópusamtaka sveitarfélaga um framtíð Evrópu og Evrópusamstarfsins. Þá var yfirlýsing um loftslagsmál og COP21 var samþykkt, sem andsvar við ákvörðun forseta Bandaríkjanna um að draga ríkjasambandið út úr Parísarsamkomulaginu.

EVROPUVÍKA SJALFBERRAR ORKU

Samband íslenskra sveitarfélaga, stóð ásamt sveitarfélaga-samböndum Noregs, Svíþjóðar, Finnlands og Skotlands fyrir málstofu á Evrópuviku sjálfberrar orku í Brussel í júlí. Markmiðið var að kynna áhugaverð verkefni á sviði sjálfberrar orku í Norður-Evrópu og var málstofunni ætlað að varpa ljósi á m.a. lykilhlutverk sveitarfélaga í loftslagsaðgerðum, nýtingu sjálfberrar orku og nýsköpun á þessu sviði. Á málstofunni sagði Albertína Friðbjörg Elíasdóttir m.a. frá *Eimi*, samstarfsverkefni Eyþings, Landsvirkjunar, Norðurorku, Orkuveitu Húsavíkur, Íslenska ferðaklasans, jarðvarmaklasans og atvinnuþróunarfélaga.



Þátttakendur á fundi stefnumótunarnefndar Evrópusamtaka sveitarfélaga (CEMR) sem fram fór á Chios í Grikklandi 12.-13. júní 2017.

EES-EFTA SVEITARSTJÓRNA- VETTANGURINN

Sveitarstjórnarvettvangur EFTA fundaði í fimmtánda sinn í Skien, Noregi 15.-16. júní. Halldór Halldórsson var kjörinn formaður vettvangsins og Hilde Onarheim varaformaður.

Helsta viðfangsefnið að þessu sinni voru tækifæri og áskoranir deiliahagkerfisins. Í ályktun, sem samþykkt var, er m.a. hvatt til stofnunar vefseturs, sem neytendur og veitendur geti sótt fræðslu til um réttindi þeirra og skyldur. Einnig var framtíð Evrópusamstarfsins og útganga Breta úr ESB (Brexit) til umræðu. Þá fór 16. fundur sveitarstjórnarvettvangs EFTA fram í Brussel 16.-17. nóvember. Helstu málin sem tekin voru til umfjöllunar voru m.a. gagnahagkerfið og Erasmus fyrir kjörna fulltrúa, auk þess sem umræðunni um Brexit var fram haldið. Í ályktun sem samþykkt var og flutt af S. Birni Blöndal er efnahagslegum ábata gagnahagkerfisins fagnað ásamt þeim auknu tækifærum sem snjallborgarvæðing felur í sér ásamt aukinni nýsköpun í rafrænni stjórnsýslu og þjónustu.

SAMSTARFSNET NORRÆNU OG BALTNESKU SVEITARFÉLAGASAMBANDANNA

Samstarfsnetið fundar árlega til skiptist í löndunum og var röðin komin að Sambandi íslenskra sveitarfélaga að halda fundinn árið 2017. Sveitarfélagasamböndin eru aðilar að evrópskum og alþjóðlegum samstarfsstofnunum og á þessum fundum stilla þau saman strengi gagnvart því samstarfi. Þau skiptast líka á upplýsingum um skipulag Evrópu- og alþjóðamála sinna og afstöðu til málefna sveitarfélaga á vettvangi ESB og Sameinuðu þjóðanna.

Á fundinum voru fulltrúar frá öllum norrænu og baltnesku sveitarfélagasamböndunum, samtals 16 fulltrúar frá níu samböndum. Framkvæmdastjóri ítalska sveitarfélagasambandsins tók einnig þátt í fundinum sem sérstakur gestur. Sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs stýrði

fundinum en einnig tók forstöðumaður Brussel-skrifstofunnar þátt í fundinum af hálfu sambandsins. Fundurinn var haldinn í bæjarstjórnarsal ráðhússins á Akureyri.

HEIMSMARKMIÐ Í SJÁLFBÆRRI PRÓUN

Í september 2015 samþykktu Sameinuðu þjóðirnar heimsmarkmið um sjálfbæra þróun til 15 ára, einnig nefnd *Agenda 2030*. Fara forsætis- og utanríkisráðuneyti fyrir málinu og á vordögum samþykkti ríkisstjórnin að skipa verkefnastjórn um framkvæmd þess hér á landi með aðkomu allra ráðuneyta og Hagstofu Íslands. Um haustið tók svo áheyrnarfulltrúi sambandsins þar sæti með vísan í þá lykilstöðu sem sveitarfélög hafa varðandi innleiðingu heimsmarkmiða. Á meðal verkefna nefndarinnar er að gera tillögur að forgangsröðun íslenskra stjórnvalda á heimsmarkmiðunum og að annast útgáfu á stöðuskýrslu Íslands, sem kynnt verður á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í júlí 2019. Einnig mun verkefnastjórnin huga að samstarfi við háskólasamfélag, atvinnulíf og samfélagið í heild að innleiðingu markmiða. Þess má svo geta að kjarnamálaflökkar Íslands innan heimsmarkmiðanna eru jafnréttismál, málefni hafsins, landgræðsla og sjálfbær landnýting.

FUNDAHÖLD OG UPPLÝSINGATÆKNI

Sambandið tók beinan þátt í 29 ráðstefnum eða fundum og voru 20 þeirra teknir upp og/eða sendir út beint. Afar misjafnt er hversu margir fylgdust með beinum útsendingum frá fundum og fór áhorf frá einum uppí 72.

Áhorf á upptökur frá fundum á vegum sambandsins voru rétt tæplega 5.000 á árinu 2017, þar af var horft á 1.007 upptökur allt til enda. Tvö erindi náðu yfir 100 spilunar áhorfi, bæði erindin voru flutt á Skólalþingi sveitarfélaga. Annað var erindi Jóhannesar Skúlasonar „*Það þarf heilt samfélag til að ala upp kennara*“, hitt var erindi Eddu Óskarsdóttur um skóla án aðgreiningar.



Þátttakendur Íslands á fimmtánda fundi Sveitarstjórnarvettvangs EFTA, sem fór fram í Skien í Noregi, 15.-16. júní 2017.

Vefur sambandsins, www.samband.is, hefur verið í sókn undanfarin ár og var árið 2017 engin undantekning. Alls nýttu 65.046 notendur sér vefinn á árinu og jókst notkunin um 4,17% milli áráanna 2016 og 2017. Nýir notendur voru ríflega 7% fleiri en þeir voru á árinu 2016 og síðuskoðun jókst um tæp 2%.

STARFSMANNAMÁL

Í árslok 2017 voru starfsmenn sambandsins 29 talsins í rúmum 27 stöðugildum. Þar af var einn starfsmaður á skrifstofu sambandsins í Brussel. Af starfsmönnum sambandsins eru 19 konur eða tæplega 66%.

Þær breytingar urðu á starfsmannahópnum á árinu, að Magnús Karel Hannesson lét af störfum sem sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins vegna aldurs. Í starf sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs var ráðinn Valur Rafn Halldórsson sem var áður sérfræðingur á sama sviði en hann hefur starfað hjá sambandinu frá árinu 2011. Valur tók við starfi sviðsstjóra 1. maí 2017. Við þessa ráðningu losnaði sérfræðingsstaða á rekstrar- og útgáfu sviði og var ákveðið að ráða Helgu Guðrúnu Jónasdóttur í nýtt starf samskiptastjóra.

Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði lét af störfum í janúar og var Telma Halldórsdóttir ráðin í hennar stað. Sólveig B. Gunnarsdóttir lögfræðingur á kjarasviði sagði einnig starfi sínu lausu í byrjun árs og var Ellisif Tinna Víðisdóttir ráðin í hennar stað. Gyða Hjartardóttir, félagsþjónustufulltrúi sambandsins, fór í eins árs námsleyfi í ágúst 2017 og var Sigrún Þórarinsdóttir ráðin í starfið í hennar fjarveru.

Vegna alvarlegra veikinda á rekstrar- og útgáfusviði var Guðmunda Oliversdóttir ráðin sem bókarari og launafulltrúi í tímabundið starf til eins árs.

Starfsmannafélag sambandsins og Lánasjóðs sveitarfélaga gekkst fyrir margs konar félagslífi og samkomuhaldi starfsmanna, sem starfsmenn tóku þátt í eftir því sem þeir höfðu tök á.



Valur Rafn Halldórsson tók við starfi sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs af Magnúsi Karel Hannessyni sem starfað hafði hjá sambandinu frá árinu 2001.

STARFSMENN SAMBANDSINS Í DESEMBER 2017

Framkvæmdastjóri:

Karl Björnsson

Hag- og upplýsingasvið:

Sigurður Á. Snævarr sviðsstjóri

Jóhannes Á. Jóhannesson sérfræðingur

Valgerður Freyja Ágústsdóttir sérfræðingur

Kjarasvið:

Inga Rún Ólafsdóttir sviðsstjóri

Benedikt Þór Valsson hagfræðingur

Berglind Eva Ólafsdóttir sérfræðingur

Bjarni Ómar Haraldsson sérfræðingur

Ellisif Tinna Víðisdóttir lögfræðingur

Margrét Sigurðardóttir sérfræðingur

Lögfræði- og velferðarsvið:

Guðjón Bragason sviðsstjóri

Gyða Hjartardóttir félagsþjónustufulltrúi (í námsleyfi)

Klara E. Finnbogadóttir sérfræðingur

Lúðvík E. Gústafsson sérfræðingur

Sigrún Þórarinsdóttir félagsþjónustufulltrúi

Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi

Telma Halldórsdóttir lögfræðingur

Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur

Þórður Kristjánsson sérfræðingur

Rekstrar- og útgáfuvið:

Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri

Guðmunda Oliversdóttir bókari

Helga Guðrún Jónasdóttir samskiptastjóri

Ingibjörg Hinriksdóttir, tækni- og upplýsingafulltrúi

Kolbrún Erna Magnúsdóttir skjalastjóri

Ragnheiður Snorradóttir gjaldkeri

Sigríður Inga Sturludóttir móttökuritari

Póra Helgadóttir, bókari og launafulltrúi

Þróunar- og alþjóðasvið:

Anna Guðrún Björnsdóttir sviðsstjóri

Guðrún Dögg Guðmundsdóttir, forstöðumaður Brussel-skrifstofu sambandsins



Starfsmenn sambandsins og lánasjóðsins brugðu á leik á jólaskemmtun starfsmannafélagsins í desember 2017.

STJÓRN OG NEFNDIR Í DESEMBER 2017

Stjórn sambandsins:

Halldór Halldórsson formaður, Reykjavíkurborg
Skúli Helgason, Reykjavíkurborg
S. Björn Blöndal, Reykjavíkurborg
Gunnar Axel Axelsson, Suðvesturkjördæmi
Gunnar Einarsson, Suðvesturkjördæmi
Halla Sigríður Steinólfsdóttir varaform., Norðvesturkjördæmi
Jónína Erna Arnardóttir, Norðvesturkjördæmi
Eiríkur Björgvinsson, Norðausturkjördæmi
Gunnhildur Ingvarsdóttir, Norðausturkjördæmi
Aldís Hafsteinsdóttir, Suðurkjördæmi
Ísólfur Gylfi Pálmason, Suðurkjördæmi

Kjaramálanefnd:

Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri, Hveragerðisbæ
Gunnar Jónsson bæjarritari, Fjarðabyggð
Haraldur Sverrisson bæjarstjóri, Mosfellsbæ
Ragnhildur Ísaksdóttir stmsmj., Reykjavíkurborg

Félagsþjónustunefnd:

Guðrún Sigurðardóttir framkvæmdastjóri, Akureyrarkaupstað
Gunnar Þorgeirsson oddviti, Grímsnes- og Grafningshreppi
Nökkvi Már Jónsson sviðsstjóri, Grindavíkurbæ
Rannveig Einarsdóttir sviðsstjóri, Hafnarfjarðarkaupstað
Regína Ásvaldsdóttir sviðsstjóri, Reykjavíkurborg

Skipulagsmálanefnd:


Elín R. Línadal sveitarstjórnarmaður, Húnaþingi vestra,
Arnbjörg Sveinsdóttir bæjarfulltrúi, Seyðisfjarðarkaupstað
Hjálmar Sveinsson borgarfulltrúi, Reykjavíkurborg
Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH
Bárður Guðmundsson skipulags- og byggingarfulltrúi, Sveitarfélaginu Árborg

Skólamálanefnd:

Anna Magnea Hreinsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, Borgarbyggð
Helga Guðmundsdóttir fræðslufulltrúi, Fljótsdalshéraði
Margrét Halldórsdóttir forstöðumaður, Ísafjarðarbæ
Skúli Helgason borgarfulltrúi, Reykjavíkurborg
Porsteinn Hjartarson fræðslustjóri, Svf. Árborg

Siðanefnd:

Sigurður Kristinsson formaður
Erling Ásgeirsson varaformaður
Anna Guðrún Björnsdóttir



Norðurþing sýnir sparihlidina, baðað í sólskini og blíðu.

Ársreikningur
Sambands íslenskra sveitarfélaga
2017

Efnisyfirlit ársreiknings

Skýrsla og áritun stjórnenda.....	25	Rekstrarreikningur.....	29
Áritun óháðs endurskoðanda.....	26	Efnahagsreikningur.....	30
Áritun skoðunarmanna.....	28	Sjóðstreymisyfirlit.....	31
		Skýringar.....	32

Skýrsla og áritun stjórnenda

Skýrsla og áritun stjórnenda

Samband íslenskra sveitarfélaga var stofnað árið 1945 og er meginhlutverk þess að vera sameiginlegur málsvari sveitarfélaganna í landinu og að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra og samstarfi. Öll sveitarfélögin, 74 að tölu, eru aðilar að sambandinu.

Á árinu 2009 var stofnaður sérstakur tryggingasjóður, Bakhjarl Sambands íslenskra sveitarfélaga, og er gerð nánari grein fyrir honum í skýringu 2.

Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2017 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og á fyrra ári.

Samkvæmt rekstrarreikningi voru rekstrartekjur 573,9 m.kr. á árinu 2017 en rekstrargjöld 559,6 m.kr. Rekstrarafkoma ársins fyrir fjármagnsliði var því jákvæð um 14,2 m.kr. en að teknu tilliti til fjármunatekna og fjármagnsgjalda var afkoma ársins jákvæð um 14,8 m.kr.

Laun og launatengd gjöld samkvæmt rekstrarreikningi námu samtals 408,4 m.kr. Þar af eru laun og launatengd gjöld vegna stjórnar, nefnda og ráða 26,6 m.kr. Ársverk starfsmanna voru 26,7.

Heildareignir sambandsins samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2017 nema 234,4 m.kr. en skuldir námu 71,4 m.kr. Eigð fé samkvæmt efnahagsreikningi nam 163,0 m.kr. í árslok 2017.

Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2017 er gefinn út hinn 24. janúar 2018 og er á þeim degi tilbúinn til afgreiðslu í stjórn sambandsins.

Reykjavík 24. janúar 2018.

Framkvæmdastjóri:




Sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs:



Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Reykjavík 23. febrúar 2018.

Stjórn:



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Sambands Íslenskra sveitarfélaga („sambandið“) fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sambandsins 31. desember 2017 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð sambandinu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sambandsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa sambandið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sambandsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda frh.

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sambandsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreiknings eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sambandsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 23. febrúar 2018

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2017

Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýr.	Ársreikningur 2017	Fjárhagsáætlun 2017	Ársreikningur 2016
Rekstrartekjur:				
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga		440.767.642	428.300.000	398.532.866
Framlag Bakhjarls sambandsins		0	17.000.000	0
Seldar vörur og þjónusta		102.183.940	102.814.000	100.710.029
Aðrar tekjur		30.911.217	22.200.000	19.001.582
	10	<u>573.862.799</u>	<u>570.314.000</u>	<u>518.244.477</u>
Rekstrargjöld:				
Laun og launatengd gjöld	11	408.399.830	415.755.000	378.629.486
Annar rekstrarkostnaður	12	149.069.765	151.814.000	129.786.939
Afskriftir	14	2.176.493	2.176.000	2.176.493
		<u>559.646.088</u>	<u>569.745.000</u>	<u>510.592.918</u>
Rekstrarafkoma ársins		<u>14.216.711</u>	<u>569.000</u>	<u>7.651.559</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):				
Vaxtatekjur		588.182	905.000	832.248
Vaxtagjöld		(9.346)	(64.000)	(64.903)
Hækkun sjóða í fjárvörslu		0	0	369.401
		<u>578.836</u>	<u>841.000</u>	<u>1.136.746</u>
Afkoma ársins	16, 21	<u><u>14.795.547</u></u>	<u><u>1.410.000</u></u>	<u><u>8.788.305</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Eignir

	Skýr.	2017	2016
Fastafjármunir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
65% fasteignarinnar að Borgartúni 30, 5. hæð, Rvk.....	6, 14	81.047.369	83.223.862
Áhættufjármunir:			
Eignarhlutir í félögum	7	120.711	120.711
		120.711	120.711
	Fastafjármunir samtals	81.168.080	83.344.573
Veltufjármunir:			
Óinnheimtar tekjur.....	15	34.017.412	14.966.275
Ýmsar skammtímaskuldir.....	15	45.042.078	47.173.701
Handbært fé.....	8	74.194.344	63.348.318
	Veltufjármunir samtals	153.253.834	125.488.294
	Eignir samtals	234.421.914	208.832.867

Eigið fé og skuldir

Eigið fé:

Eiginfjárreikningur.....	16	163.018.896	148.223.349
--------------------------	----	-------------	-------------

Skammtímaskuldir:

Víðskiptaskuldir.....		21.044.122	5.986.612
Aðrar skammtímaskuldir.....		50.358.896	54.622.906
		71.403.018	60.609.518
	Skuldir samtals	71.403.018	60.609.518

Eigið fé og skuldir samtals		234.421.914	208.832.867
------------------------------------	--	--------------------	--------------------

Sjóðstreymisyfirlit árið 2017

Sjóðstreymisyfirlit árið 2017

	Skýr.	Ársreikningur 2017	Fjárhagsáætlun 2017	Ársreikningur 2016
Rekstrarhreyfingar:				
Afkoma ársins samkvæmt rekstrarreikningi	16	14.795.547	1.410.000	8.788.305
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:				
Afskriftir.....	14	2.176.493	2.176.000	2.176.493
(Hækkun), sjóða í fjárvörslu		0	0	(369.401)
Veltufé frá frá rekstri		16.972.040	3.586.000	10.595.397
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:				
Skammtímakröfur (hækkun), lækkun.....		(16.919.514)	(9.456.950)	7.851.821
Skammtímaskuldir hækkun, (lækkun).....		10.793.500	(7.059.518)	280.821
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum		(6.126.014)	(16.516.468)	8.132.642
Handbært fé frá, (til) rekstrar		10.846.026	(12.930.468)	18.728.039
Fjárfestingarhreyfingar:				
Innleyst sjóðsbréf.....		0	0	913.195
Framlag til Bakhjarls sambandsins.....	2	0	(17.000.000)	0
		0	(17.000.000)	913.195
Hækkun, (lækkun) á handbæru fé.....		10.846.026	(29.930.468)	19.641.234
Handbært fé í ársbyrjun.....		63.348.318	63.348.318	43.707.084
Handbært fé í árslok.....		74.194.344	33.417.850	63.348.318

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

- 1 Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
- 2 Á árinu 2009 var stofnaður sérstaktur tryggingasjóður, Bakhjarl Sambands íslenskra sveitarfélaga, til að annast vörslu og ávöxtun þeirra fjármuna sem komu í hlut sambandsins við uppgjör Bjargráðasjóðs á því ári. Markmiðið er að raunvextir fjármuna Bakhjarls, og eftir atvikum höfuðstóll hans, verði á hverjum tíma nýttir til að standa undir lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna sambandsins og fyrrverandi starfsmanna Bjargráðasjóðs. Einnig er Bakhjarli ætlað að standa á bak við rekstur sambandsins, eins og nafn hans gefur til kynna. Ekki kom til þess að veitt yrði sérstakt rekstrarframlag úr Bakhjarli til sambandsins á árinu 2017, en lífeyrisskuldbinding sambandsins og áhrif af uppgjöri við Brú lífeyrissjóð vegna starfsmanna sambandsins sbr. skýringu 20 eru færð í bókhaldi Bakhjarls. Gerð eru sérstök reikningsskil fyrir tryggingarsjóðinn.
- 3 Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sameiginlegt skrifstofuhald með Lánasjóði sveitarfélaga ohf., samkvæmt sérstökum samningi sem gerður var á árinu 2004. Sambandið og Lánasjóður sveitarfélaga eiga og reka saman skrifstofuhúsnæði á 5. hæð í Borgartúni 30.

Sameiginlegur skrifstofukostnaður samstarfsstofnana á árinu kemur fram í skýringu 13 í ársreikningnum. Til gjalda í rekstri er færð hlutdeild sambandsins í rekstri húsnæðis, en hlutdeild samstarfsstofnana í öðrum rekstrarkostnaði er færð meðal tekna.

Innlausn tekna

- 4 Megintekjustofn sambandsins er framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og er það fært til tekna mánaðarlega miðað við útborgun sjóðsins. Framlagið byggist á lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum og nemur 1,59% af almennu framlagi ríkissjóðs til jöfnunarsjóðsins og 1,59% af hlutdeild jöfnunarsjóðs í útsvarstekjum sveitarfélaga.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Færsla gjalda

- 5 Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljenda hefur myndast.

Varanlegir rekstrarfjármunir

- 6 Eignarhlutur í fasteign er færður til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími er þannig:

Fasteign 50 ár

Kostnaður vegna endurnýjunar á skrifstofubúnaði er gjaldfærður í rekstrarreikningi.

Eignarhlutir í félögum

- 7 Sambandið á eignarhlut í Endurvinnslunni hf. og er hann færður til eignar í efnahagsreikningi á framreiknuðu kostnaðarverði 89.461 kr. til ársloka 2001. Á árinu 2010 var lagt fram hlutafé í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. að fjárhæð 31.250 kr. og er það fært til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði.

Handbært fé

- 8 Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

Fjárhagsáætlun

- 9 Fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árið 2017 er hluti ársreikningsins og er hún birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisyfirliti og skýringum.

Skýringar frh.

Rekstrartekjur

10 Rekstrartekjur greinast þannig:

	Ársreikningur 2017	Fjárhagsáætlun 2017	Ársreikningur 2016
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	440.767.642	428.300.000	398.532.866
Framlag Bakjarls til sambandsins	0	17.000.000	0
	<u>440.767.642</u>	<u>445.300.000</u>	<u>398.532.866</u>
Seldar vörur og þjónusta:			
· Sveitarfélög	54.378.102	59.250.000	57.030.326
· Ráðstefnu- og námskeiðsgjöld	13.826.550	10.293.000	12.797.239
· Bækur, o.fl.	1.225.360	1.792.000	1.739.896
· Samstarfsstofnanir	32.753.928	31.479.000	29.142.568
	<u>102.183.940</u>	<u>102.814.000</u>	<u>100.710.029</u>
Aðrar tekjur:			
· Ráðuneyti og ríkisstofnanir	9.204.460	4.200.000	7.700.000
· Önnur framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	19.513.671	18.000.000	11.301.582
· Styrkir og endurgreiðslur	2.193.086	0	0
	<u>30.911.217</u>	<u>22.200.000</u>	<u>19.001.582</u>
Rekstrartekjur samtals	<u>573.862.799</u>	<u>553.314.000</u>	<u>518.244.477</u>

Starfsmannamál

11 Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	Ársreikningur 2017	Fjárhagsáætlun 2017	Ársreikningur 2016
Laun	331.609.377	336.306.000	307.667.883
Launatengd gjöld	77.453.786	79.449.000	70.607.479
Áfallið orlof, breyting	(663.333)	0	354.124
	<u>408.399.830</u>	<u>415.755.000</u>	<u>378.629.486</u>
Ársverk starfsmanna	26,7	26,3	25,2

Annar rekstrarkostnaður

12 Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

	Ársreikningur 2017	Fjárhagsáætlun 2017	Ársreikningur 2016
Vörukaup	25.638.960	28.309.300	28.765.476
Þjónustukaup	118.432.404	118.344.950	95.931.899
Skattar og opinber gjöld	3.218.401	3.409.200	2.856.688
Styrkir og framlög	1.780.000	1.750.000	2.232.876
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>149.069.765</u>	<u>151.813.450</u>	<u>129.786.939</u>

Skýringar frh.

Sameiginlegur kostnaður samstarfsstofnana

- 13 Sameiginlegur kostnaður sambandsins og Lánasjóðs sveitarfélaga ohf., sbr. skýringu 3, nam 164,4 m.kr. á árinu 2017 og skiptist hann þannig:

	Sambandið	Lánasjóður	Samtals
Rekstur húsnæðis.....	12.777.341	6.880.107	19.657.448
Annar sameiginlegur kostnaður.....	125.072.006	19.652.928	144.724.934
Samtals.....	137.849.347	26.533.035	164.382.382
Hlutfall.....	83,9%	16,1%	100%

Varanlegir rekstrarfjármunir

- 14 Bókfært verð 65% eignarhluta sambandsins í 5. hæð fasteignarinnar að Borgartúni 30 greinist þannig:

Stofnverð 1.1. 2017.....	108.824.660
Afskrifað áður.....	(25.600.798)
Bókfært verð 1.1. 2017.....	83.223.862
Afskrifað á árinu.....	(2.176.493)
Bókfært verð 31.12.2017.....	81.047.369
Stofnverð 31.12. 2017.....	108.824.660
Afskrifað samtals 31.12. 2017.....	(27.777.291)
Bókfært verð 31.12. 2017.....	81.047.369
Afskriftarhlutfall.....	2%

Fasteignamat eignarhlutans nemur 178,1 m.kr. í árslok 2017.

Brunabótamat eignarhlutans nemur 173,1 m.kr. á sama tíma.

Skammtímakröfur

- 15 Óinnheimtar tekjur og ýmsar skammtímakröfur samkvæmt efnahagsreikningi námu 79,1 m.kr. í árslok 2017. Kröfurnar eru nær eingöngu á opinbera aðila og er því ekki gerð óbein niðurfærsla á kröfunum í árslok.

Eigið fé

- 16 Eigið fé greinist þannig:

Eigið fé 1.1. 2017.....	148.223.349
Afkoma ársins.....	14.795.547
Eigið fé 31.12. 2017.....	163.018.896

Lykiltölur

17 Helstu lykiltölur:	2017	2016
Veltufjárhlutfall - Veltufjármunir/skammtímaskuldum	2,15	2,07
Eiginfjárhlutfall - Eigið fé/heildarfjármagni	69,5%	71,0%

Skýringar frh.

Kjarasvið - kjaramál

- 18 Á XXIV. landsþingi Sambands Íslenskra sveitarfélaga sem haldið var á Akureyri í september 2010 var samþykkt að leggja Launanefnd sveitarfélaga niður og fela sambandinu að sinna því hlutverki í kjaramálum sem launanefndin hafði haft frá árinu 1982 þegar hún var stofnuð. Kjarasvið sambandsins hefur yfirumsjón með kjarasamningagerð og framkvæmd kjarasamninga gagnvart viðsemjendum sveitarfélaganna, en stjórn sambandsins setur markmið og mótar stefnu sambandsins í kjaramálum. Sviðsstjóri kjarasviðs og framkvæmdastjóri sambandsins bera síðan ábyrgð á að markmiðum og stefnu sambandsins í kjarasamningagerð sé fylgt. Jafnframt hefur stjórn sambandsins skipað 5 manna kjaramálanefnd til ráðgjafar fyrir sig og starfsmenn kjarasviðs.

Sveitarfélögin endurgreiða sambandinu hluta af kostnaði við kjarasamningagerð og framkvæmd kjarasamninga.

	Ársreikningur 2017	Áætlun 2017	Ársreikningur 2016
Starfsmat:			
Laun.....	0	0	4.028.130
Launatengd gjöld.....	0	0	954.643
Vörukaup.....	85.248	0	0
Þjónustukaup.....	23.392.852	18.350.000	16.147.551
Samtals kostnaður.....	23.478.100	18.350.000	21.130.324
Endurgreiðslur sveitarfélaga.....	(23.478.100)	(18.350.000)	(21.130.324)
Samtals.....	0	0	0
Kostnaðarhlutdeild:			
Hlutdeild í sérkostnaði kjarasviðs.....	25.000.000	35.000.000	30.000.000
Endurgreiðslur sveitarfélaga.....	(25.000.000)	(35.000.000)	(30.000.000)
Samtals.....	0	0	0

- 19 Viðskiptareikningur sveitarfélaga hjá sambandinu vegna kjaramála greinist þannig:

	Ársreikningur 2017	Áætlun 2017	Ársreikningur 2016
Staða í ársbyrjun.....	40.976.926	40.976.926	33.843.057
Starfsmat, sbr. skýringu 18.....	23.478.100	22.325.000	21.130.324
Kostnaðarhlutdeild, sbr. skýringu 18.....	25.000.000	35.000.000	30.000.000
Reikningsfært á sveitarfélög á árinu.....	(46.610.564)	(46.000.000)	(43.996.455)
Staða í árslok.....	42.844.462	52.301.926	40.976.926

Önnur mál

20 Uppgjör við Brú lífeyrissjóð

Þann 19. september 2016 gerðu Bandalag háskólamanna, BSRB og Kennarasamband Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs og Samband íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, með sér samkomulag um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Markmið samkomulagsins var að samræma lífeyrisréttindi á almennum og opinberum vinnumarkaði, að aldurstenging réttinda yrði grundvallarregla kerfisins og að lífeyristökualdur skyldi hækkaður til að stuðla að sjálfbærni kerfisins. Meðal breytinga sem samkomulagið tiltók var að ávinnsla lífeyrisréttinda í A-deildum LSR og Brúar yrði aldurstengd en ekki jöfn og lífeyristökualdur skyldi hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Við framangreindar breytingar skyldu réttindi virkra sjóðfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda.

Samhliða því gerðu fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga með sér samning um fjármögnun lífeyrisskuldbindinga A-deilda LSR og Brúar með fjárframlögum til sjóðanna, dags. 19. september 2016. Samkvæmt 8. gr. samningsins var hann gerður meðal annars með þeim fyrirvara að hann skyldi öðlast gildi gagnvart einstökum sveitarfélögum við samþykkt viðkomandi sveitarstjórna á uppgjöri þeirra á skuldbindingum sem myndast í A-deild Brúar.

Í upphafi árs 2018 barst uppgjör vegna hlutdeildar sambandsins í framangreindu framlagi launagreiðenda til Brúar lífeyrissjóðs. Uppgjörið miðar við tryggingafræðilega stöðu sjóðsins þann 31. maí 2017. Stjórn Bakhjarls samþykkti þann 12. janúar 2018 að sjóðurinn tæki að sér að greiða skuld sambandsins vegna uppgjörsins, enda markmið sjóðsins samkvæmt samþykktum að standa undir lífeyrisskuldbindingum sambandsins. Áhrif uppgjörsins eru því færð í ársreikningi Bakhjarls, en ekki í ársreikningi sambandsins.

Samkvæmt uppgjörinu nemur heildarframlagið vegna sambandsins 101,6 m.kr. Skipting uppgjörsins er eftirfarandi:

- 26,6 m.kr. framlag í jafnvægisjóð sem ætlað er að koma áfallinni stöðu Brúar í jafnvægi. Framlagið er gjaldfært að fullu á árinu 2017.
- 67,7 m.kr. framlag í lífeyrisaukasjóð til að mæta framtíðarskuldbindingu vegna lífeyrisauka. Framlagið er gjaldfært á 30 árum frá 1. júní 2017.
- 7,3 m.kr. framlag í varúðarsjóð sem ætlað er að styðja við lífeyrisaukasjóð. Framlagið er gjaldfært á 20 árum frá 1. júní 2017.

Á árinu 2017 er 28,1 m.kr. gjaldfærð í ársreikningi Bakhjarls vegna þessa og fjárhæðin færð sem skammtímaskuld í árslok 2017. Uppgjörið er fært í ársreikningi Bakhjarls í samræmi við bráðabirgðaákvæði við reglugerð 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga, þar sem mælt er fyrir um reikningshaldslega meðferð þess. Bakhjarl gerði heildarframlagið upp við Brú lífeyrissjóð í febrúar 2018.

Skýringar frh.

Sundurliðun rekstrarreiknings

21 Rekstrartekjur og rekstrargjöld sundurliðast þannig eftir viðfangsefnum í þús.kr.:

	Gjöld	Tekjur	Staða	Fjárhagsáætlun
Sameiginlegar tekjur				
Framlag jöfnunarsjóðs.....	0	440.768	(440.768)	(428.300)
Framlag Bakhjarls sambandsins.....	0	0	0	(17.000)
Samtals	0	440.768	(440.768)	(445.300)
Yfirstjórn				
Landsþing.....	1.905	0	1.905	2.051
Sambandsstjórn.....	31.752	0	31.752	33.820
Siðanefnd.....	147	0	147	602
Endurskoðun og reikningsskil.....	2.046	0	2.046	2.082
Aðrar nefndir og sérverkefni.....	8.703	1.604	7.099	12.880
Innlent samstarf.....	308	0	308	1.519
Norrænt samstarf.....	373	0	373	668
Fulltrúaráð CEMR.....	1.729	0	1.729	2.460
Sveitastjórnarvettvangur EFTA.....	658	0	658	476
Annað erlent samstarf.....	277	0	277	843
Samtals	47.898	1.604	46.294	57.401
Rekstrar- og útgáfusvið				
Sérkostnaður sviðsins.....	152.733	27.661	125.072	127.349
Samtals	152.733	27.661	125.072	127.349
Hag- og upplýsingasvið				
Sérkostnaður sviðsins.....	53.140	480	52.660	48.829
Upplýsingaveita sveitarfélaga.....	1.525	0	1.525	1.525
Samtals	54.665	480	54.185	50.354
Kjarasvið				
Sérkostnaður sviðsins.....	93.523	25.000	68.523	63.778
Starfsmat.....	23.478	23.478	0	0
Kjaramálanefnd.....	63	0	63	571
Samtals	117.064	48.478	68.586	64.349

Skýringar frh.

21 framhald

	Gjöld	Tekjur	Staða	Fjárhagsáætlun
Þróunar- og alþjóðasvið				
Sérkostnaður sviðsins.....	21.337	0	21.337	21.562
Brussel-skrifstofa.....	17.293	19.514	(2.221)	(115)
Samtals	38.630	19.514	19.116	21.447
Lögfræði og velferðarsvið				
Sérkostnaður sviðsins.....	94.533	9.477	85.056	90.342
Samstarfsverkefni í úrgangsmálum.....	15.961	9.829	6.132	6.436
Félagspjónustunefnd.....	856	0	856	997
Skipulagsmálanefnd.....	839	0	839	892
Skólamálanefnd.....	1.595	0	1.595	1.542
Samtals	113.784	19.306	94.478	100.209
Ráðstefnur og námskeið				
Ráðstefnur.....	12.667	14.827	(2.160)	0
Samtals	12.667	14.827	(2.160)	0
Útgáfu- og kynningarmál				
Tímaritið Sveitarstjórnarmál.....	3.201	0	3.201	3.340
Árbók sveitarfélaga.....	961	1.225	(264)	(693)
Rit til endursölu.....	0	0	0	(51)
Upplýsingavefur sambandsins.....	1.175	0	1.175	570
Önnur fræðslu- og kynningarrit.....	0	0	0	323
Samtals	5.337	1.225	4.112	3.489
Hlutdeild í rekstri húsnæðis				
Borgartún 30.....	19.657	0	19.657	22.783
Hlutdeild samstarfsstofnana.....	(6.880)	0	(6.880)	(7.974)
Samtals	12.777	0	12.777	14.809

Skýringar frh.

21 framhald

	Gjöld	Tekjur	Staða	Fjárhagsáætlun
Sameiginlegur kostnaður				
Áunnið orlof breyting	(663)	0	(663)	350
Afskriftir.....	2.176	0	2.176	2.176
Annar starfsmannakostnaður.....	2.299	0	2.299	2.500
Staðgr. fjármagnstekjuskattur.....	116	0	116	180
Þjónustugjöld banka.....	163	0	163	118
Samtals	4.091	0	4.091	5.324
Alls rekstur	559.646	573.863	14.217	(569)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Vaxta- og verðbótat. af veltufjm.....	0	578	(578)	(900)
Vaxta- og verðbótagj. af skammtsk.....	9	0	9	64
Arður af hlutabréfum.....	0	10	(10)	(5)
Samtals	9	588	(579)	(841)
Alls	559.655	574.451	(14.796)	(1.410)

